



Fréttatilkynning
21 August 2025 16:59:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa

Íslandsbanki hf. lauk í dag útboði á sértryggðum skuldabréfum. Heildareftirspurn í útboðinu var 6.280 m.kr.

Samþykkt tilboð í óverðtryggða flokkinn ISB CB 31 voru samtals 1.720 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 7,66%. Heildartilboð voru 3.820 m.kr. á bilinu 7,49% til 7,76%. Bankinn gefur einnig út 960 m.kr. í flokknum til eigin nota.

Samþykkt tilboð í verðtryggða flokkinn ISB CBI 32 voru samtals 2.260 m.kr. á ávöxtunarkröfunni 3,77%. Heildartilboð voru 2.460 m.kr. á bilinu 3,74% til 3,79%.

Í tengslum við útboðið bauðst eigendum flokksins ISB CBI 26 að selja bréf í flokknum gegn kaupum á skuldabréfum í ofangreindu útboði á fyrirframákveðna hreina verðinu 98,94. Bankinn kaupir til baka 1.640 m.kr. að nafnvirði í flokknum.

Stefnt er að töku skuldabréfanna til viðskipta í Nasdaq Iceland þann 28. ágúst 2025.

Umsjónaraðili útboðsins var Verðbréfamiðlun Íslandsbanka.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstaða útboðs sértryggðra skuldabréfa](#)